

Fornleifakönnun í Hrísey, Eyjafirði



Guðrún Alda Gísladóttir, Howell M. Roberts og Sædís Gunnarsdóttir

Fornleifastofnun Íslands

FS288-05171

Reykjavík 2005



Mynd á forsíðu: Horft til vesturs af Búðatanga.

© *Fornleifastofnun Íslands*
Bárugötu 3
101 Reykjavík
Sími: 551 1033
Fax: 551 1047
Netfang: fsi@instarch.is

Þann 24. júní 2005 grófu fornleifafræðingar frá Fornleifastofnun Íslands profuskurði svokallaðan Búðatanga í Hrísey á Eyjafirði eftir beiðni Akureyrabæjar.

Akureyrarbær hefur skipulagt byggð á Búðatanga í Hrísey á Eyjafirði. Eftir að skipulag hafði verið samþykkt kom í ljós að ekki hafði verið tekið tillit til mögulegra fornleifa á svæðinu og gerði Sigurður Bergsteinsson, minjavörður Norðurlands eystra, athugasemdir við fyrirætlaðar framkvæmdir. Taldi Sigurður að mögulega væru leifar fornra mannvirkja á hinu skipulagða svæði á tanganum og þyrfti að ganga úr skugga um hvort svo væri og þá hvers eðlis þær væru og hversu gamlar.



Mynd 1 (tekin af Sigurði Bergsteinssyni minjaverði Norðurlands eystra). Horft til suðausturs yfir Búðatanga.

Í bréfi frá Fornleifavernd ríkisins dagsettu 8. júní segir:


...verkefni ykkar að nota gröfuna til að gera könnunarholur á öllum þeim stöðum innan framkvæmdasvæðisins, sem ykkur finnast geta verið tóftaleifar.¹

¹ Sigurður Bergsteinsson. *Hrísey* (bréf dagsett 8. júní 2005, stílað á Sædís Gunnarsdóttur [fornleifafræðing hjá Fornleifastofnun Norðurlands], Hafnarstræti 82 á Akureyri).

Markmið með greftri profuskurðanna var því að ganga úr skugga um hvernig mannvirki væri um að ræða, eðli þeirra og aldur.

Framkvæmd

Vélgrafnir voru sex skurðir á svæðinu þar sem talið var að sem mestar upplýsingar væri að hafa og þar sem þústir og tóftaleifar þóttu skýrastar. Öll lög voru skráð: teiknuð, mæld og lýst, með hefðbundnum aðferðum. Auk þess voru teknar ljósmyndir eins og tilefni gaf til. Staðsetningar skurðanna var mældar upp með alstöð, en Akureyrbær útvegaði kort af svæðinu.



Mynd 2. Kort af Búðatanga og staðsetningu profuskurðann.

Lýsing

Skurður A

Snýr í sa. N-S. Lengd 4,5 m. Breidd 0,9 m. Dýpt 0,15 m. Rétt undir grasrót reyndist vera sjávar kambur með lábörðum hnullungum. Engar mannvistarleifar.

Skurður B

Snýr í sa. N-S. Lengd 3 m. Breidd 0,9 m. Dýpt 0,80 m. Snið sýndi: Grasnót sa. 0,2 m. Sjávarhnúllungar í moldarlagi sa. 0,2 m. Óhreyfð rauðbrún mold með ljósum gjóskulinsum og einstaka dökkum rákum, sa. 0,4 m. Engar mannvistarleifar.



Mynd 3. Norðurhluti skurðar B.

Skurður C

Snýr í sa. A-V. Lengd 3,5 m. Breidd 0,9 m. Dýpt 0,6 m. Snið sýndi: Grasnót var sa. 0,15 m þykk. Þá óhreyfð mold, rauðbrún sa. 0,45 m. Í botninum var klöpp. Engar mannvistarleifar.

Skurður D

Snýr NV-SA. Lengd 3,5 m. Breidd 0,9 m. Dýpt sa.0,2 m. Í SV- enda var sjávarkambur með lábörðum hnúllungum en að öðru leyti var steyppt plata í botni skurðarins a.m.k. 0,25 m þykk. Einnig fundust nokkur rauð múrsteinsbrot. Mannvistarleifar fundnar í skurði D eru nýlegar, 20. aldar minjar.



Mynd 4. Norðvesturhluti skurðar D. Múrsteinsbrot og steipt gólf.

Skurður E

Snýr í NA-SV. Lengd 8 m. Breidd 0,9 m. Dýpt sa. 0,2 m. Snið sýndi grasrót sa. 0,15 m þykka, þá lábarða hnullunga (sjávarkamburinn) og klöpp í botni. Þær mannvistarleifar sem fundust í þessum skurði voru tvö brún flöskubrot, tvö glær rúðuglerbrot og leirkersbrot, allt nýlegt.

Skurður F

Snýr í NA-SV. Lengd 3 m. Breidd 0,9 m. Dýpt sa. 0,5 m. Snið sýndi sa. 15 cm þykka grasrót og þá óhreyfða rauðbrúna mold með ljósum gjóskulinsum og einstaka dökkum rákum, sa. 0,3 m. Engar mannvistarleifar.

Niðurstaða

Ljóst er að þær þústir og tóftaleifar sem sjást á yfirborði á Búðatanga eru af bæði náttúrulegum orsökum eða vegna „nýlegra“ 20. aldar framkvæmda þar sem steinsteypa var notuð. Þó geta leifar þeirra mannvirkja verið frá því um miðja 20. öld. Örnefnið Búðatangi vísar greinilega til sjóbúða (jafnvel þurrkhjalla) sem þarna hafa verið. Sennilega voru mannvirkin úr timbri, sem síðan voru fjarlægð þegar notkun þeirra lauk. Eina heimildin um umsvif á Búðatanga er því fólgin í örnefninu.